

Gammafundur 21. nóvember 2006
Haldinn í Ingunnarskóla í Reykjavík

Mættir voru: Anh-Dao, Björg, Bryndís, Eygló, Gerður, Guðný, Helga, Hertha, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía, Svana, Vilborg og Þórunn. Gerður Óskarsdóttir og Guðlaug Sturludóttir skólastjóri buðu Gammakonur velkomnar Fundurinn var haldinn í miðrými skólans þar sem er svið fyrir alls konar uppákomur, bókasafn skólans, borð til að matast við og skápar fyrir nemendur. Hátt er til lofts og vítt til veggja í þessu rými en þaðan er gengið inn í önnur rými, svæðin þar sem nemendahópar vinna, sérgreinastofur stjórnunaraðstöðu o. fl. Sérstaka athygli vakti góð hljóðvist enda sérstök áhersla á þann þátt í hönnun skólans. Ingibjörg setti fundinn og Björg tók nafnakall og las fundargerð síðasta fundar. Því næst tók Gerður til máls. Í hennar erindi kom m.a. fram að mikið byggingaráttak hefði verið sett í gang eftir að lög voru sett um einsetningu grunnskólanna. Í byrjun átakans var aðeins einn grunnskóli í Reykjavík einsetinn. Á árunum 1997-2002, fimm árum voru byggðir 50 þúsund fermetrar af skólahúsnæði í Reykjavík. Hefð hafði skapast í skólabyggingum og erfitt var að fá arkitekta til að breyta þó að lögð hefði verið vinna í að lýsa starfinu sem átti að fara fram í skólanum. Af einhverjum ástæðum skilaði það sér ekki inn í hönnunina.

Þá var skipulögð ferð á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til Bandaríkjanna til að skoða “öðru vísi” skóla. Þátttakendur voru auk skólafólks arkitektar, frá félagi arkitekta á Íslandi. Skólarnir sem voru skoðaðir voru hannaðir af Bruce Jilk bandarískum arkitekt. Eftir ferðina var skrifuð skýrsla með lýsingu á skólunum sem voru skoðaðir og í framhaldinu var Bruce ráðinn til að hanna Ingunnarskóla og til að kenna hvernig standa ætti að skipulagningu og hönnun nýs skóla. Lögð var áhersla á hönnun frá hinu almenna til hins sérstæða. Stofnaður var hópur fólks úr þjóðfélaginu alls 30 manns sem hittist til að móta starfið í væntanlegum Ingunnarskóla. Unnið var með 10 leiðarljós sem mótuð höfðu verið t.d.

- Brjóta gegn hefðum ef menn telja þess þörf
- Lærdómssamfélagið
- Áhersla á nám í stað kennslu
- Ekki dýrari en aðrir skólar
- Átta sig á áherslum í skólastarfinu áður en hannað er

Hópurinn fjallaði síðan um væntanlegt skólastarf í þessu samhengi. Það er : Námsáætlanir, námsvörðuna, námsvæntingar, námsferlið, námsskipulagið, samstarfið, námsliðið, námsumhverfið, námsfagnaði og námsfjármögnun. Út úr allri þessari vinnu kom þessi frábæri skóli Ingunnarskóli.

Guðlaug skólastjóri tók síðan við og talaði um starfið og aðstöðuna í skólanum.

Starfið var ákveðið í undirbúningshópnum en auðvitað er það í stöðugri þróun. Meðal áhersluatriða er: Einstaklingsmiðun, samkennd, þemavinna, sveigjanleiki, flæði og náttúran og samfélagið. Stundataflan er skipulögð þannig að þrjár lotur eru daglega á yngsta og miðstigi en fjórar á unglingadeild. Nemendur gera námsáætlanir fyrir viku í einu í stærðfræði og íslensku. Námssefninu er skipt í stig sem enda á könnun, eins konar hlýtarnám eins og Sigríður Valgeirsdóttir nefndi það í Kennó í gamla daga. Fylgst er vel með framvindu námsins og áherslum breytt eftir þörfum. Ýmis tilraunaverkefni eru í gangi. Reynt er að ræða markmið námsins við nemendur. Í þemavinnunni er þess gætt að verkefni séu fjölbreytt og vinnubrögðin einnig. Einn listgreinakennari vinnur á hverju svæði en hefur einnig sér aðstöðu ef þess þarf. Stefnan er að efla list og verkgreinakennslu. Kennarar vinna saman tveir og tveir á svæðunum og sérkennsla er að mestu á svæðunum en aðstaða er í sérrými ef þarf. Mikil áhersla er á frammistöðumat eða og símat og einnig sjálfsmat ýmiss konar. Agakerfi skólans PBS Positive behaviour Helstu þættir: Virðing, ábyrgð og vinsemd. Reynt að styrkja jákvæða hegðun með öllum ráðum. Eftir fróðleg erindi og umræður var gengið um skólann undir leiðsögn skólastjóra. Óhætt er að segja að sjón er sögu ríkari og verður það því ekki tíundað hér. Nú voru konur orðnar kaffiþyrstar og runnu kræsingar frá þremur Kristínunum ljúflega niður og enn var nóg um að spjalla. Í lokin sungum við saman við undirleik Þórunnar og Ingibjörg Jónasdóttir las hugleiðingu dóttur sinnar um hvernig dagarnir líða hjá móður og ungum börnum. Við fyrsta lestur virðist það e.t.v. nokkuð tilbreytingarlaust en ef lesið er á milli línanna vitum við allar að svo er ekki því heimurinn er fullur af litum og stórum furðuverkum sem gaman er að upplifa ekki síst með ungum börnum sem eru að uppgötva heiminn. Eftir upplífandi söng og hugleiðingu sleit Ingibjörg fundinum og þakkaði Gerði og Guðlaugu fyrir móttökurnar og afhenti þeim rauðar rósir. Þá var komið að því að halda heim eftir mjög fróðlegan og skemmtilegan fund.

Gert 26. nóvember Björg Eiríksdóttir